

166. fundur Breiðafjarðarnefndar, símafundur haldinn 3. september

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Ragnhildur Sigurðardóttir, Eyjólfur Bjarnason og Magnús A. Sigurðsson

Arnheiður Jónsdóttir og Eiríkur ekki á fundi.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 13:00

Drög að umsögn um drög að frumvarpi um nýja stofnun verndarsvæða

Drög lögð fram og rædd.

Afgreiðsla:

Samþykkt að ljúka við umsögn í gegnum tölvupóst. Frestur til að skila umsögn inn er 5. september.

Umsögn nefndarinnar vegna draga að frumvarpi um nýja stofnun verndarsvæða:

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um drög að frumvarpi um nýja stofnun verndarsvæða, svokallaða Þjóðgarðastofnun.

Breiðafjarðarnefnd fagnar því að unnið sé að samræmingu á rekstri og umsjón verndaðra svæða landsins. Nefndin bendir þó á að í frumvarpsdrögunum sé mikil áhersla lögð á þjóðgarða en lítil áhersla á önnur verndarsvæði, svo sem verndarsvæði Breiðafjarðar, og hvernig þau munu tengjast starfsemi stofnunarinnar. Í því samhengi telur nefndin nafngift stofnunarinnar óheppilega, því starfsemi hennar mun ná mun víðar en bara til þjóðgarða.

Í frumvarpsdrögunum er sérstaklega tekið fram hvernig stjórnir í þjóðgörðum eru skipaðar. Í drögunum er aftur á móti ekki skýrt kveðið á um stjórnun verndarsvæðis Breiðafjarðar. Ekki er sérstaklega tekið fram hvernig stjórn verndarsvæðis Breiðafjarðar verður skipuð en nefndin bendir á að hingað til hefur ríkt sátt um hvernig skipað hefur verið í Breiðafjarðarnefnd skv. lögum nr. 54/1995.

Breiðafjarðarnefnd leggur ríka áherslu á að Breiðafjörður njóti viðunandi verndar með skýrri lagasetningu og að lögin séu skýr varðandi stjórn svæðisins. Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að stjórn verndarsvæðisins haldist áfram á svæðinu og að sveitarfélögin og fagstofnanir eigi fulltrúa í nefndinni.

Nefndin leggur til að lýsing á fyrirkomulagi stjórnunar verndarsvæðis Breiðafjarðar verði sett í sérstaka grein í frumvarpinu, eins og gert er um þjóðgarða. Þar væri meðal annars



gerð grein fyrir tengingu umdæmisráðs og Breiðafjarðarnefndar og hlutverki hvors fyrir sig.

Breiðafjarðarnefnd teldi kost að með frumvarpinu fylgdi greinargerð þar sem framtíðarsýn eða heildarstefnumótun fyrir stofnunina yrði skýrð. Í slíkri greinargerð ættu til dæmis heima útskýringar sem undirbyggðu betur hvers vegna þessi nýja stofnun er talin nauðsynleg.

Fundi slitið kl. 13:20